

AÐALFUNDUR VÍSINDAGARÐA HÁSKÓLA ÍSLANDS EHF. 2020,

SKV. GR. 3.2 Í SAMÞYKKTUM FÉLAGSINS

Miðvikudaginn 5. maí 2021 var haldinn aðalfundur Vísindagarða Háskóla Íslands ehf. (VHÍ) 2020. Fundurinn var haldinn í Hátíðasal í Aðalbyggingu og hófst kl. 14.00.

Sigurður Magnús Garðarsson setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.

Sigurður Magnús Garðarsson bar upp tillögu um að Kolbrún Þorbjörg Pálsdóttir, forseti Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, yrði fundarstjóri.

– Samþykkt einróma.

Kolbrún tók við fundarstjórn og greindi frá því að boðað hefði verið til þessa aðalfundar í samræmi við gr. 3.2 í samþykktum félagsins. Til fundarins voru mættir fulltrúar beggja hluthafa, Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands (94,6% hlutur) og Þorsteinn Gunnarsson, borgarritari Reykjavíkurborgar (5,4% hlutur). Fundarstjóri lýsti fundinn löglegan og lagði til að Magnús Diðrik Baldursson, skrifstofustjóri rektorsskrifstofu Háskóla Íslands, yrði fundarritari.

– Samþykkt einróma.

2. Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram til samþykktar.

Fundargerð síðasta aðalfundar var send fulltrúum beggja hluthafa í kjölfar fundarins og gerðu þeir ekki athugasemd við hana.

– Samþykkt einróma.

3. Stjórn félagsins skýrir frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári.

Sigurður Magnús skýrði frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári. Að framsögu hans lokinni gaf fundarstjóri orðið laust en enginn tók til máls.

4. Ársreikningur ásamt athugasemdum endurskoðanda lagður fram til samþykktar.

Fyrir fundinum lá ársreikningur VHÍ 2020, áritaður af ríkisendurskoðanda, ásamt endurskoðunarskýrslu Ríkisendurskoðunar. Heiðar Þór Karlsson, endurskoðandi hjá Deloitte, fór yfir ársreikninginn og Óskar Sverrisson, fulltrúi ríkisendurskoðanda, fór yfir endurskoðunarskýrsluna. Fundarstjóri gaf orðið laust en ekki komu fram spurningar.

– Ársreikningur Vísindagarða Háskóla Íslands ehf. fyrir árið 2020 samþykktur einróma.

5. Kosning stjórnar félagsins og endurskoðanda eða skoðunarmanna.

Samkvæmt samþykktum fyrir Vísindagarða Háskóla Íslands ehf. eru fimm menn í stjórn sem kjörin er á aðalfundi ár hvert. Fulltrúar Háskóla Íslands eru fjórir og fulltrúi Reykjavíkurborgar einn.

Fyrir fundinum lá tillaga um að stjórn VHÍ verði þannig skipuð til næsta aðalfundar: Sigurður Magnús Garðarsson, forseti Verkfræði- og náttúruvísindasviðs, formaður,

Margrét Helga Ögmundsdóttir, dósent við læknadeild á Heilbrigðisvísindasviði, Óli Jón Hertervig, skrifstofustjóri hjá Reykjavíkurborg, Linda Jónsdóttir, fjármálastjóri hjá Marel hf., Kristinn Aspelund, og framkvæmdastjóri Ankeri ehf. og stjórnarmaður í Samtökum sprotafyrirtækja. Fyrsti varamaður, Anna Sigríður Ólafsdóttir, prófessor við deild heilsuefningar, íþróttar og tólmstunda við Menntavísindasvið. Annar varamaður, Stefán Þór Helgason, sérfræðingur í sprota- og frumkvöðlamálum hjá KPMG.

– Samþykkt einróma.

Ríkisendurskoðun annist áfram endurskoðun ársreiknings.

– Samþykkt einróma.

6. Ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð.

Sigurður Magnús greindi frá því að skv. gr. 1.3 samþykktar VHÍ er óheimilt að taka út hagnað eða arð út úr félaginu, en vísaði að öðru leyti til skýrslu stjórnar og ársreiknings.

– Samþykkt einróma.

7. Ákvörðun um greiðslur til stjórnarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu.

Fyrir fundinum lá tillaga um að stjórnarlaun fyrir starfsárið 2020 verði óbreytt frá síðasta aðalfundi 28. maí 2020, að viðbættri hækkun skv. launavísitölu, og verði frá 1. maí 2021 72.000 kr. á mánuði. Stjórnarformaður fái sem fyrr tvöföld stjórnarlaun eða 144.000 kr. á mánuði.

– Samþykkt einróma.

8. Önnur mál löglega upp borin.

Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, óskaði nýrri stjórn velfarnaðar og þakkaði fráfarandi stjórn og starfsmönnum fyrir vel unnin störf. Lýsti Jón Atli þeirri skoðun sinni að VHÍ væri einn helsti vaxtarbroddur Háskóla Íslands.

Fleira var ekki gert. Aðalfundi Vísindagarða Háskóla Íslands ehf. 2020 slitið kl. 15.00.